

Núvitund náttúrunnar

Hughrif á göngu um Öskjuveginn með góðu fólki sumarið 2024.

“Manstu er við gengum á fjöllin
og fengum þar fárviðri, storma og hríð,
eða dagana bjarta við dalanna hjarta,
um draumfagra miðsumartíð”.

Hann raular endurtekið þennan textabút úr ljóði Tryggva Þorsteinssonar, kann textann ekki allan. Gangan er svolítið á fótinn til að byrja með og sprækur fararstjórinn heldur býsna líflegum takti í upphafi göngunnar. Hjartslátturinn eykst og það er ekki laust við að hann svitni þó hann hafi byrjað gönguna í innsta laginu einu klæða undir staknum. Það er gengið á snjó og þungir gönguskórnir ýmist sökkva í glúpan sumarsnjóinn eða skrika til þar sem brattinn eykst.

Það er komið vel á aðra klukkustund þegar fararstjórinn leyfir loks stutta drykkjarpásu en svo er ferðinni haldið áfram og hópurinn mjakast upp bratta hlíðina og að lokum eru hann kominn upp í Jónsskarð. Þar hátt uppi stoppa allir, kasta mæðinni og líta yfir farinn veg meðfram norðurhlið hinnar stóru og mikilfenglegu öskju og það sést vel yfir Öskjuvatn. Handan við skarðið birtist auðn Dyngjufjalladals og löng lækkunin gengur vel alla leið niður á sandana þar sem áin flæðir í mörgum kvíslum án greinilegs farvegs. Það er kærkomið að sjá að nægt aðgengi er að vatni því hann veit að svo er ekki alltaf á þessum afskekta stað.

Gangan heim að skálanum að Dyngjufelli er auðveld og það er yndislegt að koma í þennan notarlega litla fjallaskála sem tryggur trússarinn er búinn að kynda vel og flagga fyrir komu hópsins. Öllu er snyrtilega og vel fyrir komið í skálanum og hann hugsar með þakklæti til þeirra sem brotist hafa hingað inneftir snemma í vor til þess að viðra og þrífa, laga til og gera skálann vistlegan fyrir þennan hóp og aðra gesti sumarsins. Eftir næringarríka máltíð er spjallað og spilað stutta stund en svo er kærkomið að háttu snemma og koma sér í svefnpoka og honum tekst auðveldlega að sofna áður en hrotukórinn hefur upp raustir sínar. Morguninn eftir er hópurinn samtaka um að koma sér snemma af stað því fyrir höndum er löng dagleið. Nú er gengið á flatneskju með vægri lækkun og gengið er til skiptis á sandi og hrauni. Þrátt fyrir milda rigningu fyrri hluta dags er ágæt fjallasýn til norðurs í göngustefnuna og hann hefur Sellandafjall og stundum Bláfjall fyrir augum. Til austurs koma og fara fjöllin, drottningin sjálf Herðubreið og Kollóttadyngja sem birtast og hverfa til skiptis eftir því sem skýjahulunni sveipar til og frá eins og fíngerðum slæðum, Ef litið er til baka til suðurs, sést í Trölladyngju. Smám saman fjarlægjast Dyngjufjöllin og hann kveður þau með söknuð í huga og hugleiðir sögurnar sem sagðar hafa verið um örlög manna og jarðfræði þessa mikilfenglega fjallasvæðis. Á göngunni hefur hann líka augun á jörðinni og nú fara að sjást litlir hnausar með fagurbleiku Lambagrasi, stöku smárablóm birtast í annars líflausum sandinum og svo smágerðar þúfur þryddar

Lokasjóði. Allt í einu sést til skálans Botna og um leið glittir í glitrandi vatn sem streymir óstöðvandi fram undan hraunbrúninni af svo miklum krafti að undrun sætir en þetta eru upptök Suðurár. Hópurinn gengur úr eyðimörk hins svarta sands og hrauns, eins og tjald hafi verið dregið til hliðar, beint inn í undraveröld þar sem allt er grænt. Um leið lyftir skýjahulan sér og sólin brýst fram og endurkast geislanna af yfirborði vatnsins og yljurinn á enni og sveitta vanga ásamt ilmi af víði og lyngi fyllir líkamann orku og hugann gleði og þakklæti. Og einmitt þar og einmitt þá, heyrir hann lóuna syngja sitt dirrindí í fyrsta sinn þetta sumarið.

Ólafur Þór Ævarsson